

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/2324****2020/EES/5/08****frá 19. desember 2016****um snið tilkynningar um áætlað upphaf endurvinnslu skipa sem krafist er samkvæmt reglugerð
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB ⁽¹⁾, einkum a-lið 3. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 er mælt fyrir um kröfur til skipaendurvinnslufyrirtækja, skipaendurvinnslustöðva og rekstraraðila skipaendurvinnslustöðva varðandi endurvinnslu skipa sem sigla undir fána aðildarríkis Sambandsins.
- 2) Samkvæmt b-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 er þess krafist að rekstraraðili skipaendurvinnslustöðvar tilkynni stjórnvaldinu að skipaendurvinnslustöðin sé að öllu leyti tilbúin til að hefja endurvinnslu skipsins. Snið tilkynninganna skal vera í samræmi við 6. viðbæti við alþjóðlega Hong Kong-samninginn um örugga og umhverfisvæna endurvinnslu skipa, sem var samþykktur í Hong Kong 15. maí 2009 (hér á eftir nefndur Hong Kong-samningurinn).
- 3) Endurvinnsla skipa skv. 6. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 er starfsemi sem miðar að sundurhlutun skipa, algerri eða að hluta til. Því er þörf á tilkynningu um áætlað upphaf endurvinnslu skips ef um er að ræða sundurhlutun að hluta til. Snið tilkynningar um áætlað upphaf endurvinnslu skips á við fyrir staka skipaendurvinnslustöð. Ef um er að ræða sundurhlutun staks skips sem fer fram á nokkrum stöðvum þarf sérstaka tilkynningu um áætlað upphaf endurvinnslu skips frá hverri stöð sem kemur að ferlinu.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um reglur um endurvinnslu skipa sem komið var á fót skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Tilkynningar um upphaf endurvinnslu skipa, sem krafist er skv. b-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, skulu vera í samræmi við sniðið sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 19. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2016, ESB L 345, 20.12.2016, bls. 129. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stj. 2013, ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1.

VIÐAUKI

TILKYNNING UM ÁÆTLAÐ UPPHAF ENDURVINNSLU SKIPA
samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um
endurvinnslu skipa

Stöðin
(Heiti skipaendurvinnslustöðvar)

staðsett í
(Fullt heimilisfang skipaendurvinnslustöðvar)

skráð í Evrópuskrána sem komið var á samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1257/2013

tilkynnir hér með að skipaendurvinnslustöðin sé að öllu leyti tilbúin til að hefja endurvinnslu skipsins
(IMO-númer)

Vottorðið um tiltækileika til endurvinnslu var gefið út í umboði ríkisstjórnar

.....
(Heiti ríkis)

af
(Fullt heiti einstaklings eða stofnunar sem hefur heimild samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013)

þann (dd/mm/áááá)

(Útgáfudagur)

.....
(Undirskrift rekstraraðila eða viðurkennds fulltrúa skipaendurvinnslustöðvarinnar)
